

# Brunavarnir Dala, Reykhóla og Stranda bs.

## Stjórnarfundur

Mánudaginn 20. júní 2022 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn í Tjarnarlundi og hófst hann kl. 11.05

Mætt voru: Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, Kristján Sturluson, Ívar Örn Þórðarson slökkviliðsstjóri og Þorgeir Pálsson sem ritaði fundargerð.

### Dagskrá:

1. Rekstraruppgjör 2021
2. Stjórn skiptir með sér verkum
3. Brunavarnaáætlun
4. Skýrsla frá slökkviliðsstjóra
5. Önnur mál

### Fundargerð

1. Rekstraruppgjör 2021

Farið var yfir rekstrarreikning 2021. Tekjur kr. 23.955.693.- jafngilda kostnaði. Skammtímiakröfur eru 3.000.000.- sem er framlag sveitarfélaganna. Rætt var um möguleika til frekari tekjuöflunar, með því að selja þjónustu slökkviliðsstjóra.

2. Stjórn skiptir með sér verkum

Samkvæmt samþykktum, skal stjórn skipta með sér embættum á árs fresti. Á kosningarári eiga skiptin sér stað á fyrsta fundi stjórnar að afloknum sveitarstjórnarkosningum. Strandabyggð baðst undan formennsku 2021-2022 og var fyrirkomulagi verkaskiptingar því hnikað um ár. Ingibjörg Birna Erlendsdóttir tekur við formennsku af Kristjáni Sturlusyni, sem verður ritari (utan þessa fundar) og Þorgeir Pálsson tekur við sem gjaldkeri. Þessi stjórnarskipan gildir starfsárið 2022-2023.

### Umræða um kostnað.

Fram kom að búið er að fjárfesta í búnaði hjá öllum sveitarfélögunum, galla og skó. Rætt var um mikilvægi þess að slökkviliðsmenn ættu merktar peysur sem þeir gæti nýtt t.d. á námskeiðum og kom fram að athugasemd var gerð við klæðnað slökkviliðsmanna á vegum Brunavarna DRS á námskeiði í Borgarnesi. Allt snýst þetta um kostnað en stjórn er meðvituð um mikilvægi þessa.

Fram kom að gjaldskrármál þarfnast endurskoðunar bæði varðandi útselda þjónustu vegna bruna- og eldvarna og eins innan slökkviliða.

3. Brunavarnaáætlun

Brunavarnaráætlun var afgreidd í lok maí til Húsnæðis og mannvirkjastofnunar. Hún gildir til loka árs 2026 en endurnýjuð áætlun þarf að liggja fyrir vel fyrir þann tíma.

4. Skýrsla frá slökkviliðsstjóra

Starfsemin hefur verið misjöfn eftir svæðum. Rólegt í Strandabyggð, aðeins ein æfing, en fimm æfingar í Dölum og á Reykhólum. Frá áramótum hafa borist sex boð í gegnum Neyðarlínu og þar af voru tvö atvik þar sem slökkvilið var kallað út. Önnur tilfelli voru annað hvort vegna tilkynninga vegna gruns um eld sem vitað var um og því ekki kallað út eða verkefni slökkviliðs sem boðað er með fyrirvara. Alls hafa verið sendar út 26 boðanir sem sms skilaboð til slökkviliðanna í gegnum 112. Þar er um að ræða ýmist útkallsboð eða boð á æfingar eða aðrar tilkynningar til slökkviliðanna.

Slökkvibífreið á Hólmavík er visst vandamál og ekki áreiðanleg. Er ljóst að leggja þarf í kostnað til að gera hana áreiðanlega.

Ekki hefur náðst að funda saman með öllum liðsheildum, en slíkt er mikilvægt t.d. vegna starfsanda. Allir varðstjórar hafa þó hist.

Æfingaáætlun liggur fyrir og er stefnt að æfingu 1x í mánuði hjá hverju slökkviliði yfir árið í heildina. Á árinu hafa verið þrjú námskeið. HMS var með netnámskeið um rafmagnsbíla sem allir gátu sótt og var góð mæting frá liðunum. Nokkrir frá slökkviliði Reykhóla fóru á skyndihjálparnámskeið. Að lokum fóru þeir varðstjórar, einn frá hverju liði á þjálfunarstjóranámskeið í Borgarnesi. Æfingaráætlun BDRS fyrir 2022 er að finna í brunavarnaráætlun.

Komin er upp viðunandi aðstaða í Flatey.

#### 5. Önnur mál

Slökkvistjóri ræddi vaktaplan og áætlun um frí starfsmanna, sem er í vinnslu. Rætt var um húsnæðismál starfsstöðva og þjónustubíl fyrir slökkviliðsstjóra. Samþykkt var að slökkviliðsstjóri legði fram nokkrar hugmyndir til lausnar á næsta fundi.

Fram kom að nú teljist slökkviliðsmenn ekki lengur í hlutastarfi og því þarf að gera ráðningarsamninga við hvern og einn.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.30.

Fundargerð staðfest með rafrænum skilríkjum

Ingibjörg Birna Eggertsdóttir

Kristján Sturluson

Ívar Örn Þórðarson

---

Þorgeir Pálsson